

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs.

Haldinn á Reyðarfirði þriðjudaginn 7. nóvember 2023 kl. 14:00

Stefán Þór Eysteinnsson, formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands, bauð fundarmenn velkomna og tilnefndi Þórð Vilberg Guðmundsson sem fundarstjóra og Elínborgu S. Pálsdóttur fundarritara. Ekki komu fram aðrar tillögur og töldust þau þar með rétt kjörin.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við samþykkt byggðasamlagsins. Hann kallaði eftir því hvort gerðar væru athugasemdir við lögmæti fundarins eða boðun hans. Engar athugasemdir komu fram.

Hluti fulltrúa tók þátt í fundinum gegnum fjarfundabúnað. Fjöldi atkvæða á aðalfundi og nöfn viðkomandi fulltrúa sveitarfélaga, voru skv. eftirfarandi.

Sveitarfélag	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2023	Fulltrúar á aðalfundi 2023
Vopnafjarðarhreppur	3	Sandra Konráðsdóttir
Fljótsdalshreppur	1	Jónína Brynjólfsdóttir
Múlaþing	16	Jónína Brynjólfsdóttir og Helgi Hlynur Ásgrímsson
Fjarðabyggð	16	Stefán Þór Eysteinnsson
Hornafjörður	8	Gunnhildur Imsland

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd sem sátu fundinn án atkvæðisréttar: Benedikt Jóhannsson
Starfsfólk sem sat fundinn án atkvæðisréttar: Elínborg S. Pálsdóttir og Lára Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri.

Aðrir sem sátu fundinn: Jóna Árný Þórðardóttir

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur 2022
- Umræða um liði 1 og 2
- Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
- Gjaldskrá HAUST
- Umræður um liði 4 og 5
- Breytingar á heilbrigðisnefnd
- Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits
- Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Stefán Þór Eysteinnsson flutti skýrslu stjórnar og fylgir skýrslan fundargerðinni.

2. Ársreikningur 2022 lagður fram

Lára Guðmundsdóttir kynnti ársreikning 2022. Reikningurinn er endurskoðaður af KPMG. Ársreikningurinn var tekinn fyrir hjá heilbrigðisnefnd á fundi 5.10.2023 og þá afgreiddur til aðalfundar.

	Niðurstaða ársreiknings 2022	Áætlun 2023
Tekjur	90.016.497,-	90.493.796,-
Gjöld	88.185.946,-	88.895.314,-
Niðurstaða	1.861.348,-	-1.518,-

3. Umræða um liði 1 og 2

Til máls tóku: Stefán Þór, Benedikt, Jónína, Helgi Hlynur og Jóna Árný.

Að umræðu lokinni bar fundarstjóri ársreikninginn upp til atkvæðagreiðslu og var hann samþykktur samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár

Lára Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun komandi starfsárs. Drög að henni voru samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar 5.10.2023. Í áætluninni er meðal annars gert ráð fyrir að tímagjald hækki um 8,84% og að íbúafraglag sveitarfélaga verði áfram 25%.

5. Gjaldskrá HAUST

Lára Guðmundsdóttir kynnti tillögu að breytingu á gjaldskrá HAUST. Tillagan gerir ráð fyrir að upphæðir í nýrri gjaldskrá verði eftirfarandi:

Gjaldskrárbreytingar			
	Nr. 8/2023	Tillaga 2023	Breyting
Tímagjald	14.700	16.000	8,84%
Vatnssýni	30.000	31.500	5,00%
Önnur sýni	22.000	23.000	4,55%
Ný starfsleyfi	28.000	30.000	7,14%
Endurnýjuð starfsleyfi	21.000	22.500	7,14%

6. Umræður um liði 4 og 5

Til máls tóku: Benedikt og Lára

Að umræðu lokinni bar fundarstjóri gjaldskrána upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða. Að því loknu var fjárhagsáætlun komandi starfsárs einnig borin upp og samþykkt samhljóða.

7. Breytingar á heilbrigðisnefnd

Breyting á varamönnum heilbrigðisnefndar var kynnt, Kristjana Sigurðardóttir og Ólafur Áki Ragnarsson víkja sem varamenn. Auk þess var Auður Anna Ingólfssdóttir tilnefnd sem varamaður fyrir fulltrúa atvinnurekenda. Heilbrigðisnefnd Austurlands er því nú þannig skipuð:

Aðalmenn:	Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð Jónína Brynjólfssdóttir, Múlaþingi Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Hornafirði Sandra Konráðsdóttir Vopnafirði
F.h. atvinnurekenda	Benedikt Jóhannsson
F.h. náttúruverndarnefnda	Kristín Ágústsdóttir
Varamenn:	Puríður Lillý Sigurðardóttir, Fjarðabyggð Þórhallur Borgarsson, Múlaþingi Jóhann Hjalti Þorsteinsson, Múlaþingi Janine Arens, Hornafirði Guðni Jónsson, Fljótsdalshreppi
F.h. atvinnurekenda	Auður Anna Ingólfssdóttir
F.h. náttúruverndarnefnda	Gunnhildur Imsland

8. Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits

Lára Guðmundsdóttir kynnti skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits. Niðurstaða starfshópsins er að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga yrði lagt niður í þeirri mynd sem það er í dag og að eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum verði fært yfir til ríkisins. Þar sem boðuð er veigamikil tilfærsla á verkefnum sveitarfélaga til ríkisins lagði framkvæmdastjóri áherslu á að fulltrúar sveitarfélagana fjalli um skýrslu starfshóps í sínum sveitarstjórnnum.

Til máls taka: Helgi Hlynur, Jóna Árný, Benedikt, Stefán, Jónína, Sandra og Gunnhildur.

Aðalfundur vísar málinu til heilbrigðisnefndar til frekari umræðu.

9. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:57.

Í lok fundar var fundarstjóra og framkvæmdastjóra falið að ganga endanlega frá fundargerð og staðfesta hana með undirritun sinni.

Skýrsla stjórnar HAUST á aðalfundi 2023

Ný heilbrigðisnefnd tók til starfa á síðasta aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. Frá síðasta aðalfundi, sem fram fór í Múlanum í Neskaupstað, hafa verið haldnir sex fundir í heilbrigðisnefnd. Á fyrsta fundi nefndarinnar sem haldinn var á Egilsstöðum í desember sl. skipti nefndin með sér verkum og var Stefán Þór Eysteinnsson skipaður formaður nefndarinnar og Jónína Brynjólfsdóttir skipuð varaformaður. Snertifundir nefndarinnar voru haldnir á Fáskrúðsfirði í júní og á Egilsstöðum í október. Aðrir fundir hafa farið fram í gegnum fjarfundarbúnað. Ákveðið var á síðasta heilbrigðisnefndarfundi að staðfundum skyldi fækkað úr tveimur í einn á ári. Starfið innan nefndarinnar hefur gengið vel og verið með hefðbundnum hætti en hlutverk nefndarinnar er að framfylgja lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Samstarf nefndar og starfsfólks hefur verið farsælt og hafa ýmis krefjandi mál komið upp á árinu sem starfsmenn hafa leyst á farsælan hátt.

Starfsfólk

Óvenju margir nýir starfsmenn hófu störf á árinu, sé litið til sögu HAUST. Kjartan Róbertsson kom til starfa um áramót en áður hafði hann sinnt stöðu verkefnastjóra framkvæmdamála hjá Múlaþingi. Ráðnir voru tveir sumarstarfsmenn, annars vegar Þór Albertsson nemi á öðru ári í næringarfræði við Háskóla Íslands og hins vegar Maja Karlovic sem er með B.Sc gráðu í líftækni og M.Sc gráðu í næringarfræði. Maja reyndist afar öflugur og hæfur eftirlitsmaður og var gengið frá fastráðningu við hana í september.

Fjárhagur

Heilbrigðiseftirlitið hefur verið rekið með afgangi undanfarin ár og hefur hluti íbúaframlags verið endurgreiddur síðast liðin þrjú ár. Stefna heilbrigðisnefndar hefur verið að gæta þess að byggðasamlag sem þetta sé ekki að skila hagnaði og hefur þessi leið því verið farin. Tekjum af rekstri sé ætlað að standa undir kostnaði við að veita þá lögbundnu þjónustu sem embættinu er ætlað að veita. Fyrst og fremst voru það áhrif Covid-19 á reksturinn sem útskýrðu hagnað, t.d. vegna færri ferða starfsmanna sem og annarra áhrifa á rekstur embættisins. Rekstrarárið 2022 ómaði enn af þessum áhrifum og skilaði embættið hagnaði og voru því endurgreiddar 2 milljónir af íbúaframlagi sveitarfélaga sem var þó minna en gert var 2021 (3 milljónir) og 2020 (3 milljónir).

Starfsumhverfi

Reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur tók gildi 14. nóvember 2022. Gildistaka þeirrar reglugerðar hefur litað starfsemi heilbrigðiseftirlitsins á undanförnu ári. Reglugerðin gerir rekstraraðilum skylt að skrá sína starfsemi í miðlæga rafræna gátt hjá Umhverfisstofnun í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um rafræna stjórnsýslu. Markmið reglugerðarinnar var að einfalda og auka skilvirkni stjórnsýslunnar og að auðvelda aðgengi að henni. Sú rafræna gátt sem taka átti við umsóknum vegna skráninga var ekki tilbúin þegar reglugerðin tók gildi og voru fyrstu mánuðir eftir gildistöku krefjandi fyrir embættið. Óskað var eftir frestun á gildistöku reglugerðarinnar án árangurs. Mikil óánægja hefur verið vegna ótímabærrar gildistöku reglugerðarinnar bæði hjá eftirlitsaðilum og eftirlitsþegum. Nú þegar tæpt ár er liðið frá gildistöku er enn ekki búið að leysa öll þau tæknilegu vandamál sem komið hafa upp.

Guðlaugur Þór Þórðarson Umhverfis- orku og loftslagsráðherra skipaði starfshóp um fyrirkomulag eftirlits í október 2022. Starfshópnum var falið að leggja til nýtt fyrirkomulag að eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum og átti að skila inn niðurstöðu til ráðherra fyrir 1. mars 2023. Framkvæmdastjóri HAUST fundaði einu sinni með starfshópnum í byrjun janúar og kynnti fyrir þeim starfsemi HAUST og svaraði spurningum starfshóps. Endanlegar niðurstöður og ráðleggingar starfshópsins voru kynntar nú í október. Niðurstöður starfshópsins eru að ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og

mengunarvörnum færast frá heilbrigðiseftirliti til Umhverfisstofnunar og að eftirlit með matvælum færast frá heilbrigðiseftirliti til Matvælastofnunar og er því um að ræða viðamikla stjórnsýslulega breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Tillögur ráðherra bíða nú umræðu inn í heilbrigðisnefnd en í gegnum tíðina hefur skoðun Heilbrigðisnefndar verið sú að best fari á því lögbundnu eftirliti sé sinnt úr nærumhverfinu í stað þess að þenja út miðlægar eftirlitsstofnanir.

Undirritunarsíða

Lára Guðmundsdóttir

Þórður Vilberg Guðmundsson